


Umhverfisstofnun
Áb. <u>135</u>
22 DES. 2006
<u>54.52</u>
Tilv UST2006/200033

Skipulagsstofnun
 Jakob Gunnarsson
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
 IS - 108 Reykjavík, Ísland

Ó (+354) 591 2000
 Fax (+354) 591 2010
 umhverfisstofnun@ust.is
 www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 20. desember 2006
 Tilvisun: UST20061200033/bs

Reykjanesbraut. Gatnamót við Stapahverfi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar sem fela í sér að ný mislæg atnamót verða gerð til móts við Stapahverfi um 2,5 km vestan við Grindavíkurveg.

Litlar sem engar upplýsingar er að finna í tilkynningu framkvæmdar um náttúrufar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Við mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Reykjanesbrautar var gerð úttekt á náttúrufari á því svæði sem hér um ræðir og er í matsskýrslu unnt að finna nauðsynlegustu upplýsingar um náttúrufar á umræddu svæði.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er á jökulsorfnu grágrýtishrauni. Einkennandi fyrir gróðursfar á svæðinu er gras- og lyngmóagróður innan um ógróin moldarflög. Fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er talið fábreytt.

Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki innan friðlýsts svæðis né svæðis á náttúruminjaskrá. Ekki er fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar. Nýtt verður efni sem fellur til á framkvæmdarsvæðinu og úr skeringum við Reykjanesbraut.

Niðurstaða:

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst
Björn Stefánsson
 Björn Stefánsson

Sigurrós Friðriksdóttir